

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1975

Nr. 233.

460

13. maí 1975.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 39.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 11 466.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitapörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" kr. 415.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 760 00 — —
3. Fyrir hemla — 415.00 — —

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 83 000.00

400 til 2000 m³, kr. 83 000.00 af 400 m³ + kr. 69.00 á m³ og þar yfir að 2000 m³, 2000 m³ kr. 193 400.00 + kr. 57.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 12 100.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 820.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 346 5. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.